

Stjórnarfundur FKA #3

Starfsár: 2025-2026

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 13.08.2025

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar: Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Rósa Viggósdóttir (RV), Þórey Hafliðadóttir (PH), Þuríður Aradóttir Braun (PAB) Teams, Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

Forföll: Margrét Hannesdóttir (MH), Jasmina Vajzovic (JV)

1 – Opnun, stutt opnun formanns (ISS)

Formaður býður stjórnarkonur velkomnar til starfa eftir sumarfrí. Tilkynnir líkt og stjórnarkonum er kunnugt að Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir hafi sagt sig frá stjórnarsetu vegna persónulegra aðstæðna. Stjórn þakkar henni kærlega fyrir hennar framlag og óskar henni velfarnaðar. Í kjölfarið tekur Jasmina sæti í stjórn, staðan er því sú að nú eru sjö konur í stjórn og engin varakona. Þessi staða hefur áður komið upp. Mikilvægt er að stjórn haldi fókusi og skipti vel með sér verkefnum.

2 – Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)

Kynnir hvaða aðferð hún noti til að safna saman upplýsingum á milli stjórnarfunda inni á Teams. Undirritun barst frá öllum stjórnarkonum fyrir starfsreglur stjórnar og gögn til Skattsins. Fer yfir stöðu fjármála félagsins, ekki fast í hendi og vísar að hún geti útvegað fría sali o.fl. Landsbyggðadeildir í samtali við stjórn varðandi fjármálin og samskipti/framganga jákvæð. Mikilvægt er að allar leggi áherslu á að FKA sé félag fyrir konur í atvinnulífinu en ekki atvinnurekstri eingöngu líkt og áður var.

Nauðsynlegt er að fara í góða skoðun varðandi styrktaraðila starfsársins.

Fer yfir kostnað vegna aðalfundar, dreifingu innheimtu yfir mánuði ársins o.fl.

Mikilvægur áfangi hefur náðst með notkun Teams fyrir deildir/nefndir/ráð o.fl. Fer gróft yfir skipulag eins og það er sett upp núna, hverjar eru með aðgang, að hvaða möppum o.þ.h.

Leggur til að opunarviðburður verði nú sameiginlegur fyrir FKA og til að mynda FKA Framtíð í stað þess að vera með marga opunarviðburði, með þátttöku að lágmarki 250 kvenna. Fer gróft yfir hvað er fram undan næstu daga, heimsóknir í HÍ o.fl., allt á fullu og ekkert nema tækifæri.

Búið er að uppfæra rafræna skráningu viðburða og virkja þann valmöguleika að geta sett skráðan viðburð beint í dagatalið.

Ítrekar hvað stjórn framkvæmi margt og mikið, hversu vel sé brugðist við erindum, konur séu opnar, viljugar og bógóðar.

3 – Landsbyggðadeildir (ISS)

Næsti fundur með landsbyggðadeildum fer fram 22. ágúst nk., í framhaldi af fyrri fundi í vor.

Fundurinn var góður en á honum kom meðal annars skýrt fram hvað það var sem deildirnar óskuðu eftir þegar kemur að fjármálum. Stjórn fór yfir stöðu fjármála allra deilda, tók vel í allar þær óskir sem fram komu og upphófst strax vinna til að uppfylla þær. Fram kom einnig að ótækt sé að viðkomandi félagskonur þurfi að leggja út fyrir útlögðum kostnaði. Tillaga og lausn stjórnar er að hver deild fái sér bankareikning sem gjaldkeri og/eða formaður hvernar deildar hafi aðgang að (skoðunar- og

millifærsluheimild) og hann fái fyrirframgreitt kort sé þess óskað. Stjórn fer fram á að allar kvittanir berist bókara og séu settar inn á Teams.

Stjórn óskar að auki eftir starfsáætlun deildanna, hvaða viðburðir verði í boði, ásamt fjárhagsáætlun starfsársins.

Áhersla er lögð á að félagskonur geti sótt viðburði óháð deildaskráningu. Inni á FKA heimasíðunni er nú hægt að sjá í hvaða deild viðkomandi kona er.

Í framhaldi af umræðunni sýnir AR stjórn bakenda síðunnar. MH sér hvaða félagskona hefur greitt félagsgjald ársins.

ISS er ánægð með þá niðurstöðu sem stjórn lagði fyrir á fundinum og að allar tillögur hafi verið samþykktar.

4 – Ábyrgðastöður innan stjórnar, yfirferð verkefna/ábyrgð, raðað í hlutverk og ráðin (ISS, GHJ, AR)

Hlutverkin í ár eru alls 24 og misumfangsmikil. Óskir stjórnarkvenna um hlutverk höfðu áhrif á úthlutun. Farið var yfir hlutverkin og gróft hvað þau hafa í för með sér. Samvinna er mikilvæg og allar stjórnarkonur reiðubúnar að aðstoða hvor aðra ef á þarf að halda.

5 – Nýsköpun og KVENN (GHJ, ÞH)

Erindi rætt frá Elinóru Ingu, ákvörðun tekin um að málið verði sett á bið þar til annað kemur í ljós. Vísað í fundargerð þann 28. maí sl.

6 – Styrktaraðilar inn í haust (ISS)

Viðræður standa yfir við fyrirtæki sem kemur til greina sem aðalstyrkaraðili FKA komandi starfsárs. Mikilvægt er að styrktaraðilar samræmist gildum FKA og séu til fyrirmyndar er kemur að jafnrétti kynjanna. ISS og MH annast áframhaldandi samskipti. Rætt að skoða þátttöku valinna fyrirtækja í völdum viðburðum.

7 – Opnunarviðburður og viðburðir framundan: aðalfundir deilda/landsbyggða, hópeflið (AR, ISS)

AR kynnir opnunarviðburð vetrarins sem haldinn verður í húsnæði Árvakurs 3. september nk. Boðið verður upp á fræðslu, skemmtiatriði og tengslamyndun. Á döfinni eru einnig aðalfundir deilda, hópefli stjórnar o.fl.

8 – Önnur mál

- **WIFT Íslandi, félag kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi (AR)**

Erindi barst frá WIFT um að skipuleggja með þeim viðburð. Lagt er til að Fræðslunefnd skoði málið. AR sér um að tengja viðeigandi aðila.

- **Bifröst – Improving Access and Inclusion in Icelandic Higher Education (JV)**

JV sótti fund tengdan verkefninu, stjórn mun óska eftir kynningu frá henni síðar.

- **Sjálfbærnistefna (GHJ)**

Umræðuefni sem tengist hlutverkaskiptingunni, sjá lið 4.

- **Kvennaráðið og hvernig stjórnvöld ætla að mæta kröfum Kvennaárs (JV)**

JV sótti fund og mun kynna málið fyrir stjórn síðar.

Fundi slitið 13.30.

Fundinn ritar Rósa Viggósdóttir ritari.